

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Rangárþingi ytra

Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 18. ágúst 2015
UST201507-059/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulegi svæðis við Rangárflatir sunnan Suðurlandsvegar.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á atvinnulóðum við Rangárflatir á Hellu, sunnan Suðurlandsvegar.

Í breytingunni felst að hótellóð stækkar og um leið byggingarreiturinn á lóðinni. Einnig er áætluð stækkun á lóð norðan hótellóðar og aðkomur að báðum lóðum breytast. Áætlaðar breytingar eru á röskuðu svæði í þéttbýlinu Hellu.

Fráveita


Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.


Náttúruminjar

Innan skipulagssvæðisins er ekki að finna náttúruminjar eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eða náttúruminjar á náttúruminjaskrá..

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri